

Tíundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki
mánudaginn 16. október 2023 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Pröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg
Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Bréf og umsögn um álit sveitarstjórnar frá Innviðaráðuneytinu.

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu dagsett 22. september 2023 og umsögn
Innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar á stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna
lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar
sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Í framhaldi af kynningu á álit sveitarfélagsins og umsögn ráðuneytisins um álit ber
sveitarstjórn að eiga tvær umræður um hvort hefja eigi sameiningarumræður við annað eða
önnur sveitarfélög. Fyrri umræðan verður á dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar.

Umsögnin verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

2. Erindi frá Svæðisgarðinum Snæfellsnes.

Lagt fram erindi frá Svæðisgarðinum Snæfellsnesi, sbr. ákvörðun stjórnarfundar 9. október 2023.

Í erindinu er tilkynnt um árlegan fulltrúaráðsfund sem haldinn verður 14. nóvember n.k. að
Breiðabliki.

Einnig er kynnt að til standi að endurnýja samstarfssamning, en þann 4. apríl 2024 verða 10 ár
frá stofnun Svæðisgarðsins. Upphaflegi samningurinn var gerður til 10 ára (með möguleika á
uppsögn eftir 5 ár).

Á fulltrúaráðsfundinum 14. nóvember n.k. þarf að liggja fyrir ákvörðun samstarfsaðila um
þátttöku í áframhaldandi samstarfi um Svæðisgarð. Leitað er eftir afstöðu sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fagnar tillögu að breyttum samþykktum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að
standa að endurnýjun samstarfssamnings og áframhaldandi samstarfi í Svæðisgarðinum
Snæfellsnesi. Oddvita falið að svara stjórn Svæðisgarðsins þess efnis.

3. Breiðablik.

Oddviti leggur til að unnin verði viðhaldsáætlun fyrir húsnæðið og að verkefnum verði forgangsraðað. Jafnframt verði unnin kostnaðaráætlun m.t.t. viðhaldsáætlunarinnar fyrir Breiðablik.

Samþykkt samhljóða.

Oddvita falið að fá fagaðila til verksins.

4. Brunavarnir.

Oddviti leggur til að a.m.k. tveimur brunahönum verði komið fyrir í sveitarfélaginu í samstarfi við Brunavarnir Borgarbyggðar.

Samþykkt samhljóða.

Oddvita falið að fara í viðræður við veituhafa til að komast inn á vatnsveitur.

5. Umhverfis- og skipulagssvið.

Ákvörðun liggur fyrir um að sameiginlegu Umhverfis- og skipulagssviði Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar og Sveitarfélagsins Stykkishólms verði slitið. Forsendur til áframhaldandi samrekstrar eru brostnar.

Allir starfsmenn sviðsins hafa sagt upp störfum.

Því miður hefur uppbygging sameiginlega sviðsins ekki gengið eins og vonir stóðu til.

Oddviti upplýsti að samstarfssveitarfélögin hefðu rætt um að stefna að óbreyttri starfssemi út árið, þó með þeirri breytingu á að Kristín Þorleifsdóttir verður starfsmaður Sveitarfélagsins Stykkishólms en vinnur fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp, eins og verið hefur.

Sveitarstjórn samþykkir að ganga að ofangreindu fyrirkomulagi til áramóta.

Oddvita falið að koma með tillögur að framtíðarskipulagi umhverfis- og skipulagsmála sveitarfélagsins.

6. Umsagnarbeiðni sýslumanns vegna umsóknar Hrísdals sf. um rekstrarleyfi fyrir rekstur gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, í Hrísdal.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn til rekstarleyfisins.

7. Fundargerð 933. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

8. Fundargerð 934. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

9. Fundargerð 185. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:35.

Guðbjörg Gunnarsdóttir sign

Pröstur Aðalbjarnarson sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign

Herdís Þórðardóttir sign

Sigurbjörg Ottesen sign